

Heilbrigði og forvarnir í sókn - með samtakamætti landsmanna

Megináherslur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sviði
forvarna og heilsueflingar

Febrúar 2007

Megináherslur á átta sviðum

1. Skipulag forvarna
2. Heilsuvernd og bætt heilsa
3. Hreyfing
4. Geðheilbrigði
5. Aðgerðir gegn átröskunum og ofþyngd
6. Holt mataræði
7. Vímuefnavarnir (tóbak, áfengi og önnur fíkniefni)
8. Tannheilsa

Skipulag forvarna

- Endurskoðun laga um Lýðheilsustöð.
- Skýrari verkaskipting og markvissari samvinna stofnana og annarra aðila sem sinna forvörnum og vinna að bættri lýðheilsu landsmanna.
- Endurskoðun á fjármögnun verkefna innan málaflokksins með áherslu á bættu nýtingu fjármuna.

Heilsuvernd og bætt heilsa

- Lýðheilsustöð vinni aðgerðaáætlun um bætt heilsu barna og unglunga.
- Sérstök áhersla á ung- og smábarnavernd, m.a. með foreldranámskeiðunum „Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar.“
- Efld heilsugæsla í grunnskólum og aukið hlutverk heilsugæslunnar í þjónustu við aldraða.
- Heilsugæslan sé meðvituð um sérþarfir einstakra hópa og í stakk búin til að mæta þörfum þeirra.

Hreyfing

„Hreyfing fyrir alla“

- Ráðist verður í viðamikið verkefni með það að markmiði að stórauka hreyfingu meðal almennings og gefa þeim sem þess þurfa með kost á skipulagði hreyfingu undir handleiðslu fagfólks. Verkefnið mun ná til um 2/3 hluta landsmanna.
- Innleiðing hreyfiseðla – tilvísun á aukna hreyfingu.

Geðheilbrigði

- Áhersla hefur verið lögð á að efla sérþekkingu innan ráðuneytisins í þessum málaflokki.
- Mörkuð hefur verið stefna í geðheilbrigðismálum barna og unglinga með hegðunar- og geðraskanir og unnin framkvæmdaáætlun á grundvelli hennar. Einnig hefur verið mótuð stefna í geðheilbrigðisþjónustu við aldraða.

Aðgerðir gegn átröskunum og ofþyngd

- Áhersla á vitundarvakningu sem stuðlar að hollari lífsháttum, bættu mataræði og aukinni hreyfingu, m.a. með samstarfsverkefningu *Allt hefur áhrif - einkum við sjálf* sem Lýðheilsustöð og sveitarfélögin í landinu standa að.
- Dregið verði úr áróðri fyrir óhollustu sem beint er að börnum.

Hollt mataræði

- Kannaður verður grundvöllur fyrir samvinnu heilbrigðisyfirvalda, matvælaframleiðenda og framreiðenda með það markmið að auka framboð af hollum matvörum og framleiða og framreiða mat í hóflegum skammtastærðum.
- Sett verða gæðaviðmið fyrir fæði á öldrunarstofnunum og heimsendan mat.

Vímuefnavarnir (tóbak, áfengi og önnur fíkniefni)

- Reykleysisaðstoð verður efl.
- Endurskoðun merkinga á tóbaksumbúðum.
- Hert löggjöf um reykingar á veitinga- og skemmtistöðum tekur gildi í júní.
- Áherslur WHO verða hafðar að leiðarljósi í öllu forvarnarstarfi sem beinist gegn notkun tóbaks, áfengis og annarra fíkniefna.

Tannheilsa

- Fræðsla um tannvernd verður aukin á öllum skólastigum.
- Ákveðnir árgangar barna og unglinga fá tanneftirlit og forvarnarmeðferð sér að kostnaðarlausu.
- Aukin áhersla verður lögð á vægi tannverndar í öldrunarþjónustu.

Íslensku lýðheilsuverðlaunin

- Hvatning til góðra verka:
 - Íslensku lýðheilsuverðlaunin verða veitt í fyrsta sinn í vor.